

Ársskýrsla Fuglaverndar 2014

Lögð fram á aðalfundi 16. apríl 2015

Stjórn starfsársins var kosin á aðalfundi þann 10. apríl 2014 og skipti hún með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum á þennan hátt:

Jóhann Óli Hilmarsson, formaður Fuglaverndar; Hjálmar A. Jónsson varaformaður; Ásgerður Einarsdóttir, ritari, Daníel Bergmann, gjaldkeri; Elma Rún Benediktsdóttir, Sindri Skúlason og Aron Leví Beck Rúnarsson meðstjórnendur. Aron Leví hætti í stjórn á árinu og flutti af landi brott. Stjórnin hélt 5 fundum á árinu.

Aðalfundur ákvað breytingu á árgjaldi: einstaklingsaðild kr. 4200, fjölskylduaðild 5200 og ungliða og ellilífeyrisþegaaðild 3200. Í desember voru skráðir félagsmenn 1137 og er þá fjölskylduaðild tekin sem einn félagsmaður.

Rekstur

Skrifstofa

Fuglavernd leigði skrifstofuaðstöðu af Landvernd í Þórunnartúni 6 þangað til á vordögum, þegar félagið flutti í eigið húsnæði að Hverfisgötu 105. Arfur Hjálmars R. Bárðarsonar gerði okkur kleift að kaupa húsnæðið. Miklar endurbætur voru gerðar á húsnæðinu og stóð Hólmfríður í stórræðum. Sjálfboðaliðar úr röðum félaga lögðu sitt af mörkum og var Hjálmar A. Jónsson þar fremstur meðal jafningja. Fyrir utan stjórnarmenn má nefna Hallgrím Gunnarsson, sem glerjaði allt fyrir okkur og Sigmund Ásgeirsson hjá Á. Guðmundssyni, sem færði okkur veglegt fundarborð.

Framkvæmdastjóri félagsins í fullu starfi er Hólmfríður Arnardóttir.

María Magnúsdóttir á Blönduósi styrkti félagið rausnarlega eins og oft áður.

Athugasemdir, kærur og ályktanir

Fuglavernd kærði mann á Selfossi sem stundað hafði ólöglega eggjatöku og sölu eggja á vefnum. Málið var unnið í samráði við Ævar Petersen, Harald Ólason, Örn Óskarsson og lögregluna á Selfossi. Ekki hefur enn verið dæmt í málinu og óvíst er hvar það er statt í kerfinu.

Fuglavernd skoraði á kattaeigendur að halda köttum inni yfir varptímann. Jafnframt voru húseigendur hvattir til að hlífa starahreiddum meðan egg og ungar væru í hreiðrum og setja upp varpkassa fyrir starann.

Fuglavernd sendi frá sér ályktun vegna fyrirhugaðrar vegagerða í Gufudalssveit og áskorun til rjúpnaveiðimanna um hófsama veiði.

Útgáfa og miðlun

Eitt nýtt tækifæriskort kom út fyrir jólin með mynd af húsönd eftir Daníel Bergmann. Útgáfu Fugla var frestað fram á vor vegna þess hve illa gekk að fá efni eða höfunda til að ljúka greinum sínum.

Fylgjendur fésbókarsíðunnar eru nú (á aðalfundi) 3010. Einnig er félagið með twitteraðgang þar sem fylgjendur eru 92 og Flickr síðu, bæði fyrir fuglamyndir og félagsstarfið.

Friðlandið í Flóa

Vinna hélt áfram í Friðlandinu við að búa í haginn fyrir fólk og fugla. Alex Máni Guðríðarson sá um talningar á tjörnum um vorið. Fangar af Sogni máluðu skoðunarhúsið og hjólastólarampinn. Mikill fjöldi gesta heimsótti Friðlandið. Þetta sumar var óvenju blautt, jafnvel blautara en sumarið á undan. Starfið í Friðlandinu hlaut styrk frá Auðlind til endurheimtar og Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til að bæta aðstöðu gesta.

Samstarf við Umhverfisráðuneytið

Nokkrir fundir voru haldnir með starfsmönnum ráðuneytisins á árinu, bæði að frumkvæði félagsins og svo sem hluti af samstarfssamningi ráðuneytisins og frjálsra félagasamtaka. Ráðherra umhverfis- og auðlindamála, Sigurður Ingi Jóhannsson, hélt einn fund þann 15. apríl síðastliðinn með frjálsum félagasamtökum.

Fulltrúi félagsins sat fundi vegna meint tjóns gæsa og álfta, svo og endurheimt votlendis, á vegum ráðuneytisins. Framkvæmdastjóri tók þátt í samráði um breytingar á náttúruverndarlögum. Einnig var okkur boðið að sitja fundi um stefnumótun vegna meints tjóns refa og minnka.

Fuglavernd tók þátt í samstarfi frjálsra félagasamtaka á degi íslenskrar náttúru.

Ráðuneytið styrkti starfsemi Fuglaverndar, eins og fram kemur í ársreikningum félagsins.

Innganga í Evrópusambandið og erlent samstarf

Þar sem umsókn um aðild að Evrópusambandinu var sett illu heilli á ís, var þeirri miklu vinnu sem lögð hafði verið í að samræma samningsmarkmið Íslands og fuglatilskipunar ESB, hætt í bili.

Fulltrúar frá Kýpverska fuglaverndarfélaginu heimsóttu okkur í júní og voru þau leidd á nokkur IBA svæði, þ.á.m. í Friðlandið. Heimsóknin var liður í samstarfi við BirdLife Kýpur vegna verkefnis sem lítur að umsjón með IBA svæðum og er alfarið styrkt af EEA and Norway grants.

Formaður og framkvæmdastjóri heimsóttu höfuðstöðvar BirdLife International og skrifstofur RSPB (Konunglega breska fuglaverndarfélagsins) í Cambridge í Englandi í desember. Það stefnir í frekara samstarf við RSPB um rekstur félagsins og verkefni til að styðja við það.

IBA – Alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði

Þó nokkur vinna var sett í að uppfæra þau IBA svæði sem liggja að sjó – eyjar og strandsvæði. Ellen Magnúsdóttir safnaði saman upplýsingum með góðri hjálp sérfræðinga úr röðum félagsmanna. Næsta skref er að setja upplýsingar um þessi svæði á vef félagsins, hvar þau eru, hvað gerir þau mikilvæg í alþjóðlegu tilliti og hver verndarstaða þeirra er hér innanlands og alþjóðlega.

Sýningar, fyrirlestrar og viðburðir

Fræðslufundir

Þann 19. febrúar voru þeir Edward B. Rickson og Yann Kolbeinsson með myndasýningu frá ferð þeirra og fleiri fuglaskoðara til Tyrklands og Georgíu vorið 2013.

Á aðalfundi 10. apríl hélt Menja von Schmalensee erindi um lagalega stöðu villtra fugla með sérstakri áherslu á vernd þeirra.

Ráðstefnur

Þriggja tíma ráðstefnan sem bar yfirskriftina: *Eiga mófuglar undir högg að sækja? Staða stofna, búsvæðavernd og alþjóðlegar skyldur* og var haldin í salarkynnum Háskóla Íslands í Odda þann 29. nóvember. Ráðstefnan þótti afar vel heppnuð og voru erindin einstaklega fræðandi.

Námskeið

Námskeið í fuglaljósmyndun var haldið dagana 12., 15. og 18. nóvember. Leiðbeinendur voru Sindri Skúlason, Christopher Lund og Jóhann Óli Hilmarsson. Þátttaka var mjög góð.

Fuglaskoðun

Fuglavernd stóð fyrir skoðunarferð í Kolgrafarfjörð 16. mars. Full rúta af fólki sá 25 fuglategundir í ferðinni, hnísur, landseli og útseli – 7 ernir voru á sveimi og einn þeirra sýndi sig mjög vel og svo sást fálki í Melasveitinni. Fararstjóri var Jóhann Óli Hilmarsson.

Þann 4. maí var fuglaganga í Laugardal í samvinnu við Grasagarðinn. Hannes Þór Hafsteinsson og Aron Leví Beck Rúnarsson leiddu gönguna.

Fuglavernd bauð upp á fuglaskoðun í friðlandinu í Vatnsmýrinni í samstarfi við Norræna húsið – göngurnar voru 6 talsins frá miðjum maí fram til loka júní. Leiðsögumenn voru allt sjálfboðaliðar á vegum Fuglaverndar.

Glókkolaferð var farin í kirkjugarðinn í Fossvogi á Degi íslenskrar náttúru þann 16. september. Leiðbeinandi var Edward B. Rickson.

Vetrarfuglaganga í samstarfi við Grasagarðinn í Reykjavík var farin 23. nóvember. Hannes Þór Hafsteinsson stýrði.

Garðfuglar

Garðfuglakönnun veturinn 2013-2014 hófst í lok október og stóð út apríl. Hún var nú haldin í 21. sinn. Þátttaka var í dræmara lagi. Garðfuglakönnun 2014-2015 hófst síðan í október. Garðfuglahelgi er styttri athugun. Henni var hrundið af stað veturinn 2004 og var nú haldin frá 24.-27. janúar 2014. Þátttaka var góð, 176 manns tóku þátt á 164 athugunarstöðum. Ólafur Einarsson og Örn Óskarsson eru umsjónarmenn þessara viðburða en Ólafur hefur haldið utan um garðfuglakönnun frá upphafi.

Hollvinir Tjarnarinnar komu saman þann 5. apríl. Sjálfboðaliðar hreinsuðu rusl í friðlandinu í Vatnsmýri, klipptu runna og fleira til hagsbóta fyrir varpfugla. Ólafur K. Nielsen er í forsvari fyrir hópinn.

Annað

Fuglavernd var eitt þeirra félaga sem stóð að grænni göngu 1. maí.

Félagið sendi fulltrúa, Jakob Sigurðsson, á samráðsfund um ástand rjúpnastofnsins.

Félagið tók þátt í evrópskri heiðlóutalningu.

Sérstök jólaopnun var á skrifstofu Fuglaverndar, þar sem seldar voru vörur eins og fuglakort og fóðrarar. Það skapaðist skemmtileg stemming hjá þeim sem komu.

Stokkseyri 15. apríl 2015
Jóhann Óli Hilmarsson